

á, að stefnandi sé af öðrum ástæðum óbundinn af hækkun þessari, ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóminn kváðu upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari, dr. Gaukur Jörundsson prófessor og Eggert Kristjánsson lögfræðingur.

Dómsorð:

Stefndi, H/f Eimskipafélag Íslands, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Íslensku Útflutningsmiðstöðvarinnar h/f.

Fimmtudaginn 12. desember 1974.

Nr. 73/1973: M

(Egill Sigurgeirsson hrl.)

gegn

K og

(Ingi Ingimundarson hrl.)

N

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Barnsfaðernismál. Fyllingareiður.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. maí 1973. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum stefndu, en til vara, að úrslit málsins verði lätin velta á synjunareiði hans. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu. Á hendur stefnda N gerir afrýjandi einungis kröfu um málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefnda, sem hefur fengið gjafvarnarleyfi fyrir Hæstarétti,

krefst þess, að héraðsdómur verði staðfestur, að því er sig varði. Jafnframt krefst hún málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Stefndi N krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að eiðsfrestur ákveðst tveir mánuðir frá birtingu dóms þessa.

Um málskostnað fer sem hér greinir:

Ef stefnda vinnur eiðinn, eru málskostnaðarákvæði héraðsdóms staðfest, og skal áfrýjandi greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00, sem renni í ríkissjóð. Ef stefndu verður eiðfall, greiði hún áfrýjanda kr. 30.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti, en málskostnaður í héraði falli niður. Gjafsóknarkostnaður stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun lögmanns hennar í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 38.000.00. Málskostnaður fyrir Hæstarétti, að því er varðar stefnda N, fellur niður.

Það athugast, að áfrýjandi er samkvæmt gögnum máls skráður í prestsþjónustubók faðir barns þess, er málið fjallar um, eftir einhliða skýrslu stefndu og að áfrýjanda fornspurðum.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að frestur til eiðvinningar eru tveir mánuðir frá birtingu dóms þessa. Ef stefnda, K, vinnur eiðinn, eru málskostnaðarákvæði héraðsdóms staðfest, og skal áfrýjandi, M, greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00, er renni í ríkissjóð.

Nú verður stefndu eiðfall, og skal hún þá greiða áfrýjanda kr. 30.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti, en málskostnaður í héraði fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun lögmanns

hennar í héraði og fyrir Hæstarétti, Inga Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 38.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. febrúar 1973.

Ár 1973, föstudaginn 16. febrúar, var á bæjarþingi Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara, kveðinn upp dómur í barnsfaðernismálinu nr. 6/1973: K gegn M og N, sem tekið var til dóms 2. þ. m.

Sóknaraðili í máli þessu, K, . . . , sem er ógift, ól hinn 18. september 1970 sveinbarn, sem í skírninni hlaut nafnið A. Föður að barni þessu hefur hún lýst M, . . . Hann hefur ekki viljað gangast við faðerni barnsins, og höfðaði sóknaraðili því þetta mál gegn honum hinn 17. september 1971. Eru dómkröfur hennar þær, að varnaraðili verði dæmdur faðir barnsins, til að greiða með því meðlag frá fæðingu þess til fullnaðs 17 ára aldurs, fæðingarstyrk til sín og tryggingariðgjald sitt fyrir árið 1970, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði. Til vara gerir sóknaraðili kröfu um fyllingareið. Þá krefst hún málskostnaðar að mati dómsins.

Varnaraðili M hefur krafist sýknu af kröfum sóknaraðilja, en til vara synjunareiðs. Hann krefst málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

N . . . , hefur verið dreginn inn í mál þetta sem varnaraðili ex officio. Hefur hann krafist sýknu í málinu.

Sóknaraðili, K, hefur skýrt frá því, að hún hafi kynnst B snemma á árinu 1969. Tókust með þeim kynni, og hittust þau við og við það ár þar til um mánaðamótin nóvember-desember. Höfðu þau samfarir í nokkur skipti í nóvember, síðast skömmu fyrir mánaðamótin nóvember- desember. Sóknaraðili kynnist þá varnaraðilja M á dansleik í veitingahúsinu Glaumbæ. Tókust kynni með þeim, og kveður hún þau hafa haft samfarir í nokkur skipti í desember heima hjá varnaraðilja, en síðast 2. janúar 1970. Var ávallt um fullkomnar samfarir að ræða og engin tilraun gerð til að hindra getnað. Sóknaraðili kveður hafa slitnað upp úr kunningskap þeirra M eftir 2. janúar. Hinn 10. janúar hitti hún B aftur, og höfðu þau þá samfarir. Sóknaraðili kveðst ekki hafa haft samfarir við aðra karlmenn á getnaðartíma barns hennar, en henni var kynnt, hver hann geti verið. B hefur útilokast frá fað-

erni með blóðflokkarannsókn, og kveður sóknaraðili því engan annan karlmann en varnaraðilja M koma til greina sem föður að barni hennar. Sóknaraðili hafði síðast á klæðum, áður en hún varð ófrísk, síðast í nóvember, en hvaða daga það var, man hún ekki nákvæmlega. Sóknaraðili taldi það öruggt um miðjan febrúar, að hún væri orðin ófrísk, og lét varnaraðilja vita um það. Varnaraðili svaraði því til, að hann ætti ekkert í barni sóknaraðilja og gæti hún farið eitthvað annað til að finna föður að því.

Varnaraðili M hefur skýrt frá því, að hann hafi búið í . . . hjá kunningja sínum á árinu 1969. Sóknaraðili starfaði þá í versluninni X, sem er í sama húsi, og þekkti hann hana í sjón. Varnaraðili kveður ekki hafa verið um nein kynni milli þeirra að ræða og hafi þau ekki einu sinni verið málkunnug. Honum var kynnt það, sem sóknaraðili segir um kynni þeirra. Varnaraðili mótmælti framburði hennar í öllum atriðum. Kveðst hann aldrei hafa haft samfarir við sóknaraðilja og neitar, að hún hafi nokkurn tíma komið heim til hans. Varnaraðili neitar því og, að sóknaraðili hafi nokkurn tíma hringt til hans til að láta hann vita, að hún væri ófrísk. Varnaraðilja var kynntur framburður sóknaraðilja. Varnaraðili mótmælti framburðinum og kveður sóknaraðilja aldrei hafa rætt við sig um barn hennar. Varnaraðili kveðst aldrei hafa heyrt getið um barn sóknaraðilja, fyrr en hringt var til hans vor-
ið 1971 frá Rannsóknastofu Háskólans og hann beðinn að mæta þar til blóðrannsóknar vegna barns sóknaraðilja. Varnaraðili fór þangað, og var tekið úr honum blóð til rannsókna. Varnaraðili þekkir ekkert til sóknaraðilja og veit ekkert um kynni hennar af karlmönnum á umræddum tíma.

Sóknaraðili lagði fram í málinu ljósmynd ásamt filmu, og eru gögn þessi þingmerkt nr. 6 og 7. Á ljósmyndinni situr sóknaraðili í faðmi dökkhærðs manns, og halda þau hvort utan um annað. Í baksýn á myndinni sést borð með dúk.

Sóknaraðili hefur skýrt frá því, að ljósmyndin sé af sér og varnaraðilja M. Elías Hannesson ljósmyndari hafi tekið mynd þessa í Þórscfé á tímabilinu frá 12. desember 1969 til áramóta, en hvaða dag það var, kveðst sóknaraðili ekki geta sagt nákvæmlega. Með þeim sóknaraðilja og varnaraðilja voru í Þórscfé í umrætt skipti D, þá til heimilis . . . , og E, er rekur verslunina Y . . .

Varnaraðilja var sýnd umrædd mynd, og kveður hann hana vera af sér og sóknaraðilja. Hafi hann aldrei séð mynd þessa áður og eigi vita, hvar hún sé tekin.

Sóknaraðili hefur enn fremur skýrt frá því, að hún hafi farið

fyrst í lækniðsskoðun 19. febrúar 1970, sbr. vottorð Guðmundar Jóhannessonar læknis, er hér á eftir verður rakið. Hafi hún þá fengið staðfest, að hún væri ófrísk. Fór hún þá til F, kunningjastúlku sinnar, en hún vann þá hjá . . . Hafi F farið með henni til D . . . D hafi ekið þeim þaðan að Z, en komið við í apóteki á leiðinni og keypt blátt snuð. Sóknaraðili kveður D hafa rætt við varnaraðilja á Z, en þær hafi beðið úti í bílnum, og hafi þau síðan farið aftur niður í . . . Kom varnaraðili þangað skömmu síðar, og skýrði sóknaraðili honum þá frá því, að hún væri ófrísk af hans völdum. Varnaraðili svaraði henni þá eins og í framburði hennar að framan greinir. Sóknaraðili kveðst síðar hafa rætt við B og sagt, að hann gæti komið til greina sem faðir að barni hennar. B svaraði engu til um það, en sagðist vilja láta blóðrannsókn fara fram.

Vitnið F, . . . , hefur skýrt frá því, að sóknaraðili hafi komið til sín hinn 19. febrúar 1970 eftir lækniðsskoðunina og skýrt sér frá því, að hún hefði fengið það staðfest, að hún væri ófrísk. Vitnið hafði kynnst sóknaraðilja um áramótin 1969-1970, og hafði það ráðlagt henni að leita læknis vegna gruns hennar um, að hún væri þunguð, skömmu áður en hún fór í skoðunina. Vitnið skýrir frá því, að sóknaraðili hafi tekið getnaðarvarnarpillur á þeim tíma, sem vitnið kynntist henni. Vitnið kveðst hafa farið ásamt sóknaraðilja í framangreint skipti upp í . . . og hafi þær hitt þar að máli D, en vitnið hafi áður hringt til hans. Vitnið minnst þess ekki, að þau hafi síðan farið öll saman á Z til að hitta varnaraðilja M, en minnst, að hann hafi komið niður í . . . , en þar átti sóknaraðili tal við hann. Vitnið minnst þess, að sóknaraðili skýrði varnaraðilja frá því, að hún væri ófrísk, en eigi man það nú, hvernig orð féllu milli þeirra. Hafi sóknaraðili og varnaraðili rætt einslega mál þetta. Vitnið kveður sóknaraðilja hafa skýrt sér frá í framangreint skipti, að hún væri örugg um það, að varnaraðili væri faðir að barni hennar, og kæmi þar enginn annar til greina, og miðaði hún þá við útreikninga, sem hún hefði gert. Sóknaraðili nefndi einnig B, sem vitnið vissi, að var kunningi hennar, en aldrei hafði hún orð á því, að hann gæti komið til greina sem faðir að barni hennar. Vitnið sá framangreinda mynd á dskj. nr. 6. Kveður það hana vera af sóknaraðilja, K, og varnaraðilja M.

Vitnið D, . . . , hefur skýrt frá því, að sóknaraðili, K, hafi starfað hjá því í versluninni X í . . . frá því í október 1969 þar til í janúar 1970. Vitnið þekkti varnaraðilja M, og hittust þeir stundum á

Þessum tíma. Vitnið veitti því ekki athygli, að samdráttur væri með sóknaraðilja og varnaraðilja, en tók fram í þessu sambandi, að milli 60 og 70 manns hafi starfað hjá þeim fyrirtækjum, sem það hefur starfað við. Vitnið kveður varnaraðilja hafa stundum komið í verslunina til þess um lokunartíma, er það var að gera upp, og hafi þá sóknaraðili verið þar stödd. Þeir varnaraðili hafi oft farið saman á skemmtistaði, og minnst það þess, að í eitt skipti hittu þeir sóknaraðilja. Vitnið heldur, að það megi fullyrða, að þeir varnaraðili hafi farið saman á brott, án þess að sóknaraðili færi með þeim. Vitnið kveður F hafa hringt til sín einhvern tíma snemma á árinu 1970, á meðan sóknaraðili vann ennþá hjá því, og skýrt sér frá því, að sóknaraðili væri ófrísk og óvinnufær sökum taugaveiklunar. Sé það öruggt, að þau F hafi einhvern tíma minnst á þetta við varnaraðilja, en vitnið man ekki sérstaklega eftir því. Vitnið kveðst hafa heyrt bæði sóknaraðilja og G, . . ., hafa á orði, að þau hefðu lifað saman á milli jóla og nýárs og á gamlárskvöld árið 1969. Þá hafi piltur að nafni N, . . ., einhvern tíma sagt við sig, að vitnið ætti ágætt rúm í herbergi þess. Kvaðst hann í eitt skipti hafa farið með sóknaraðilja upp í íbúð vitnisins í . . . og haft þar við hana samfarir. Vitnið kveður sóknaraðilja hafa annast ræstingu á íbúð þess og haft lykil að henni. Þá skýrði vitnið frá því, að sóknaraðili og B hafi verið saman á framangreindum tíma.

Vitnið E, . . ., hefur skýrt frá því, að það hafi kynnst sóknaraðilja, K, er hún starfaði í versluninni X. Kom hún í eitt skipti til vitnisins að . . . Vitnið man ekki fyrir víst, hvort hún kom með verslunarstjóranum í X, D, eða hvort hringt var í hana, en hún var stödd hjá því ásamt D og varnaraðilja M. Vitnið álitur, að það hafi verið varnaraðili, sem hringdi í hana. Fóru þau saman á skemmtistað í umrætt skipti, en vitnið man ekki fyrir víst, hvert farið var. Vitnið minnst þess, að þau fóru saman í eitt skipti í samkomuhúsið Þórscafé og í annað skipti í Sigtún. Vitnið man ekki, hvort varnaraðili og sóknaraðili dönsuðu saman, en gerir ráð fyrir, að svo hafi verið. Vitnið varð ekki vart við, að varnaraðili og sóknaraðili væru að draga sig saman í umrædd skipti, og vissi ekki, hvort þau fóru saman á brott. Vitnið sá myndina á dskj. nr. 6, er að framan greinir. Kveður það hana vera af sóknaraðilja og varnaraðilja. Vitnið minnst þess ekki að hafa verið viðstatt, er myndin var tekin. Vitnið kveðst eiga viðskipti við varnaraðilja M og sé hann kunningi þess.

G, . . ., er í framburði D greinir, hefur mætt í dómi. Kveðst

hann kannast við sóknaraðilja, K. Hafi þau kynnst í Vestmannaeyjum á árunum 1967-1968. Aldrei hafi þó verið náin kynni á milli þeirra, og neitar hann að hafa haft við hana nokkurn tíma samfarir. G var kynnt það í framburði D, er hann og sóknaraðilja varðar. Kveðst hann ekki kannast við að hafa viðhaft þau ummæli, er D hefur eftir honum og sóknaraðilja. Hann man ekki, hvort hann hitti sóknaraðilja milli jóla og nýárs eða á gamlárskvöld árið 1969. Hann kannast þó við að hafa hitt sóknaraðilja einhvern tíma á gamlárskvöld, en hvaða ár það var, man hann ekki.

Varnaraðili N, . . ., hefur skýrt frá því, að hann hafi hitt sóknaraðilja K á dansleik í samkomuhúsinu Glaumbæ kvöld eitt í janúar eða febrúar 1970. Hann kveðst hafa þekkt sóknaraðilja. Eftir dansleikinn fóru þau saman að . . ., en sóknaraðili hafði lykil að íbúð þar. Hafi þau dvalist þar um nóttina og sofið saman á stórri dýnu, er náði yfir herbergi í íbúðinni. Varnaraðili kveður þau hafa afklæðst, en er þó ekki viss um, nema hann hafi sofið í fötunum. Þau hafi ekki breitt neitt yfir sig. Neitar varnaraðili að hafa haft samfarir við sóknaraðilja í umrætt sinn. Varnaraðilja var kynntur framburður D. Hann kannast við að hafa sagt við D, að hann hefði einu sinni komið heim til hans í fylgd með sóknaraðilja. Hins vegar neitar hann því að hafa sagt honum, að hann hafi haft samfarir við sóknaraðilja. Varnaraðili skýrir frá því, að hann hafi í eitt skipti hitt varnaraðilja M í veitingahúsinu Glaumbæ um þetta leyti eða nokkru síðar. Sagði varnaraðili, að sóknaraðili væri að kenna honum barn, sem hún gengi með. Varnaraðili var að hallmæla sóknaraðilja fyrir það, að hún hefði sagst hafa tekið inn pilluna, á meðan hún var með honum, en það hefði ekki verið rétt. Þá minnst varnaraðili þess að hafa hitt varnaraðilja M í annað skipti í veitingahúsinu Glaumbæ. Fór hann þá að tala um mál þetta. Tók hann fram, að það eina, sem blóðprufa gerði, væri að afsanna og hann væri búinn að fá sér lögfræðing vegna málsins.

Varnaraðili skýrir frá því, að hann hafi verið með sóknaraðilja vorið og sumarið 1969 og haft þá samfarir við hana í nokkur skipti. Hafi hann síðast haft samfarir við sóknaraðilja sumarið 1969, að hann minnst í maí eða júní. Sóknaraðili skýrði varnaraðilja frá því, að hún notaði getnaðarvarnarpillur. Hann kveður þau ávallt hafa haft fullkomnar samfarir.

Að ósk talsmanns varnaraðilja M var H, . . ., yfirheyrður í máli

Þessu. Hefur H skýrt frá því, að hann þekki D. Hann kveður varnaraðilja M hafa búið hjá D um tíma og hafi hann komið til þeirra. Sóknaraðili, K, var að vinna í versluninni X hjá D, en faðir hans er eigandi verslunarinnar. H kveðst hafa rætt í nokkur skipti við sóknaraðilja, en hann vissi, að kynni voru milli hennar og varnaraðilja M. H kveðst hafa hitt sóknaraðilja á skemmtistöðum og rætt við hana. Hann neitar, að nokkur náin kynni hafi verið milli þeirra, og kveðst engin önnur samskipti hafa átt við hana en nú hafa verið rakin. Hann kveður sóknaraðilja hafa skýrt sér frá því einhvern tíma fyrri hluta árs 1970, að hún væri ófrísk af völdum varnaraðilja M. H skýrði frá því, nánar aðspurður, að hann hafi séð sóknaraðilja, K, hjá varnaraðilja M í íbúð D í nokkur skipti, er hann kom þar. Þá minnst hann þess, að hann hafi séð sóknaraðilja og varnaraðilja M saman á dansleikjum um þetta leyti.

Vitnið I, . . . , kveðst vera kunnugt sóknaraðilja, K. Hafi hún og dóttir þess verið saman bæði í barnaskóla og kvennaskóla. Vitnið skýrir frá því, að á árunum 1969-1970 hafi það farið næstum vikulega um eins árs skeið til varnaraðilja M í . . . , en hann hafði . . . á . . . götu . . . Vitnið kveður dóttur sína hafa sagt sér, að kunningskapur væri á milli sóknaraðilja og varnaraðilja. Hafi dóttir þess sagt því eftir sóknaraðilja, K, síðast í mars 1970, að sóknaraðili væri ófrísk af völdum varnaraðilja. Vitnið kveðst hafa farið að ræða þetta við varnaraðilja, er það kom í . . . til hans. Hafi hann aldrei borið fram nein andmæli gegn því, að hann væri faðir að barni sóknaraðilja, og var alltaf gengið út frá því í samtali vitnisins við hann, að svo væri. Vitnið ræddi mál þetta oft við varnaraðilja, á meðan það var í . . . hjá honum, og kom aldrei annað fram hjá honum. Vitnið kveður sóknaraðilja hafa komið í tvö skipti í . . . til varnaraðilja, á meðan það var þar. Gaf varnaraðili sóknaraðilja . . . í bæði skiptin og í annað skiptið . . . Sóknaraðili var örg í skapi í annað skiptið, sem hún var hjá varnaraðilja, og telur vitnið, að það hafi verið vegna ástands hennar. Gekk hún lengra í aðfinnslum við varnaraðilja en venjulegt er. Varnaraðili umbar sóknaraðilja, að vitninu fannst vegna hinna nánú kynna þeirra, og tók með þolinmæði því, er hún sagði. Vitnið sagði varnaraðilja frá barni sóknaraðilja, er það var fætt. Sagði vitnið honum, að hann væri búinn að eignast son. Var rætt um mál þetta vítt og breitt í þessu sambandi, og neitaði varnaraðili því ekki, að hann væri faðir að barninu. Vitnið kveðst hafa

spurt varnaraðilja að því einu sinni, á meðan sóknaraðili gekk með barn sitt, hvort hann væri búinn að segja unnustu sinni frá því. Svaraði varnaraðili því neitandi.

Í síðari framburði skýrði sóknaraðili frá því, er henni hafði verið kynntur framburður vitnisins D, að því er varðar kynni hennar og G og varnaraðilja N, að aldrei hafi verið um náin kynni milli hennar og G að ræða. Neitaði hún að hafa nokkurn tíma haft við hann samfarir. Sóknaraðili neitar að hafa nokkurn tíma viðhaft þau ummæli, er D hefur eftir henni í framburði sínum. Sóknaraðili kveðst hafa þekkt G frá því á árinu 1967, en þau hafi aldrei haft náin kynni. Varðandi varnaraðilja N skýrði sóknaraðili frá því, að hún hafi hitt hann á dansleik í samkomuhúsinu Glaumbæ kvöld eitt í janúar 1970. Sóknaraðili man ekki, hvaða dag þetta var, en telur, að það hafi verið um miðjan mánuðinn. Fóru þau saman á brott af dansleiknum og héldu að . . ., en sóknaraðili hafði lykil að íbúð D, er þar bjó. Fóru þau upp í íbúðina og dvöldust þar til morguns. Hún kveður þau hafa afklæðst og háttað ofan í rúm D. Eigi fóru þau þó úr öllum fötum, og neitar sóknaraðili, að þau hafi haft samfarir. Sóknaraðili kveður varnaraðilja N aldrei hafa reynt að hafa samfarir við sig og hafi þau aðeins verið að spjalla saman um nóttina, enda séu þau ágætir vinir. Sóknaraðili kveður þetta hafa gerst, eftir að hún hafði samfarirnar við B í janúar.

Varðandi kynni sín af H þá skýrði sóknaraðili svo frá, að hún hafi kynnst honum, á meðan kynni hennar og varnaraðilja M stóðu. Kveðst sóknaraðili hafa byrjað að vinna í versluninni X í janúar 1970 og hafi varnaraðili útvegað sér vinnuna hjá D. H er kunningi D, og hafi hún hitt hann og rætt við hann, en ekkert meira hafi farið þeirra á milli. Sóknaraðili hitti H einnig á skemmtistöðum, en þau fóru aldrei þaðan á brott saman.

Þá mætti varnaraðili M einnig síðar, á meðan á meðferð máls þessa stóð, og voru honum kynntir framburðir vitnanna í málinu. Að því er framburður vitnisins E varðar, skýrði varnaraðili frá því, að sóknaraðili hafi verið stödd hjá E ásamt D, er hann kom þangað í framangreint skipti. Kveðst varnaraðili því ekki hafa hringt til sóknaraðilja, eins og E álíti. Annað hefur varnaraðili ekki við framburðinn að athuga.

Varnaraðili minnst þess ekki að hafa rætt við sóknaraðilja í . . ., eftir að hún var orðin ófrísk, eins og í framburði vitnisins F greinir.

Varnaraðili kveður vitnið I hafa oft komið til sín í . . ., eins og

í framburði hennar greinir. Hafi hún minnst á það við sig, að sóknaraðili væri ófrísk, en aldrei minntist vitnið á, hver væri faðir að barninu. Hafi það aldrei komið til tals milli þeirra. Varnaraðili kveður vel geta verið, að sóknaraðili hafi komið á . . . sína, en þar vinna fimm manns, en ekki man hann eftir skiptum þeirra í þessu sambandi.

Varnaraðili sýndi í dóminum 6 víxla, samtals að fjárhæð kr. 4.000.00, samþykkt af sóknaraðilja. Enginn útgáfudagur er á víxlunum, en gjalddagar eru 5. maí, 5. júní, 5. júlí, 5. ágúst, 5. september og 5. október árið 1970. Varnaraðili skýrði frá því varðandi víxla þessa, að sóknaraðili hafi keypt . . . hjá . . . Z, er kostaði 4.000-5.000 kr. Telur hann, að hún hafi greitt eitthvað í peningum, en fyrir eftirstöðvum kaupverðsins samþykkti hún víxlana. Hafi sóknaraðili ekki fengið hjá sér nema þennan eina . . . og sé það því ekki rétt, er í framburði I greinir, að hún hafi fengið hann að gjöf. Varnaraðili kannast ekki við það, er vitnið I hefur eftir honum í viðtölum þeirra á Z.

Sóknaraðilja voru sýnd ljósrit af framangreindum víxlum. Af því tilefni skýrði hún svo frá, að hún hafi keypt . . . hjá . . . Z einhvern tíma eftir áramót 1969-1970..., er kostaði kr. 4.000.00, og samþykkti hún víxlana til greiðslu á honum. Varnaraðili útbjó víxlana. Sóknaraðili kveðst aldrei hafa verið krafín um greiðslu þeirra og aldrei verið minnst á þá við sig.

Við sampröfun hélt hvor málsaðili fast við framburð sinn, og náðist ekki samræmi í framburðum þeirra.

Vitnið J, . . . , hefur skýrt frá því, að það þekki sóknaraðilja, K, persónulega, en kannist við varnaraðilja M í sjón. Vitnið bjó við sama stigagang að . . . og sóknaraðili og foreldrar hennar á árunum 1962-1966, og kynntist það þá sóknaraðilja. Vitnið kveður sóknaraðilja hafa skýrt sér frá því einhvern tíma fyrri part vetrar árið 1969, að kynni væru með henni og varnaraðilja M. Vitnið starfaði í veitingahúsinu Glaumbæ á þessum tíma við afgreiðslu í fatageymslunni. Vitnið var við starf sitt í Glaumbæ nótt eina í nóvember eða desember árið 1969. Sá það, að sóknaraðili og varnaraðili fóru saman á brott úr veitingahúsinu ásamt manni, sem það ekki þekkir. Héldu þau að leigubíl, sem beið fyrir utan, og óku á brott. Meira getur vitnið ekki sagt um kynni sóknaraðilja og varnaraðilja.

Vitnið sá sóknaraðilja og B aldrei saman, en sóknaraðili skýrði því frá því, að hún þekkti hann. Vitnið kveður sóknaraðilja ekki hafa nefnt við sig, að hún væri í kynnum við fleiri pílta en þá,

er að framan greinir, og hafi það ekki séð hana með öðrum en varnaraðilja.

Loks liggur fyrir í máli þessu, að í Morgunblaðinu hinn . . . 1969 birtist svohljóðandi tilkynning í dálkinum „Árnað heilla“: „Um s.l. áramót opinberuðu trúlofun sína L . . . og M . . .“

Blóðflokkarannsókn fór fram á Rannsóknastofu Háskólans á málsaðiljum, barninu og B. Varð niðurstaða hennar sem hér segir:

	ABO	MNSs	Rh				Kell	Fy	P ₁ Hp	Gm	Ge
			C	E	E	c	e	Cw	K	k	axb
Sóknaraðili	A ₂	MSs	+	+	÷	+	+	÷	÷	+	2-1
Barnið	A ₂	MNss	+	+	÷	+	+	÷	÷	+	2-1
B	O	Nss	÷	+	+	+	+	÷	÷	+	2-2
Varnaraðili M	O	Nss	+	+	+	+	+	÷	÷	+	2-1
Varnaraðili N	A ₂	MNss	+	+	÷	+	+	÷	÷	+	2-2

Í ályktun prófessors Ólafs Bjarnasonar, dr. med., er rannsóknina hafði á hendi, segir svo:

„Samkvæmt niðurstöðum þessarar rannsóknar getur B ekki verið faðir óskírðs sveinbarns (f. 18/9 1970), sonar K, þar eð eiginleikinn Hp-1, sem finnst í blóði drengsins, er hvorki fyrir hendi í blóði móður hans né B“.

„Samkvæmt niðurstöðu þessarar rannsóknar er ekkert því til fyrirstöðu, að M eða N geti verið faðir óskírðs sveinbarns (f. 18.09. 70) sonar K. Hins vegar getur B ekki verið faðir drengsins, sbr. bréf til yðar, dags. 18. 11. 1971. Gm og Ge flokkun var framkvæmd í Köbenhavns Universitets Retsmedicinske Institut“.

Barn sóknaraðilja var við fæðingu 3830 gr. að þyngd og 54 cm að lengd. Leitað var álits borgarlæknis í Reykjavík um hugsanlegan getnaðartíma barnsins, og segir svo um það í álitsgerð hans, dags. 14. desember 1971:

„Af vottorði ljósmóður, dags. 25. nóv. sl., má ráða, að barnið hafi verið fullburða, er það fæddist. Meðal meðgöngutími fullburða barna er talinn vera 271 dagar, með 11 daga misvísun til eða frá. Samkvæmt því ættu mestar líkur að vera til, að umrætt barn sé getið á tímabilinu 10. des. 1969 til 1. janúar 1970.“

Sé höfð hliðsjón af þyngd barnsins og lengd við fæðingu, getur það samkvæmt dreifingartöflum F. J. Linder's, Málmey, verið komið undir einhvern tíma á tímabilinu 4. nóv. 1969 til 1. febrúar 1970. Samkvæmt sömu töflum eru 789% líkur til, að barnið sé getið á tímabilinu 1. des. 1969 til 4. janúar 1970.“

Lagt hefur verið fram í málinu svohljóðandi vottorð frá Guð-

mundi Jóhannessyni lækni, dags 21. september 1971, um skoðun á sóknaraðilja, á meðan hún gekk með barn sitt:

„Það vottast hér með, að K, fædd . . ., var hjá mér undirrituð-um til eftirlits um síðustu meðgöngu. Við fyrstu skoðun 19/2 '70 reyndist hún gengin með, miðað við stærð legsins, 9-10 vikur, svarandi til síðustu blæðinga um miðjan des.“

Eins og hér að framan hefur verið rakið, ber sóknaraðilja og varnaraðilja N saman um það, að þau hafi ekki haft samfarir, er þau voru saman í . . . í ársbyrjun 1970. Þykir verða að leggja fram-
burð þeirra til grundvallar um þetta, og ber samkvæmt því að sýkna varnaraðilja N í máli þessu, en rétt þykir, að málskostnað-ur falli niður, að því er hann varðar.

Varnaraðili M hefur neitað að hafa haft samfarir við sóknar-
aðilja, eins og hún heldur fram. Hafa ekki fengist um þetta lög-
fullar sannanir, þannig að málsúrslit verða að velta á eiði, sbr. 213. gr. laga nr. 85/1936. Af því, sem fram er komið í málinu, þykir málsstaður sóknaraðilja líklegri, og ber því í samræmi við nefnda lagagrein að láta málsúrslit velta á fyllingareiði hennar. Verður niðurstaða máls þessa því sú, að vinni sóknaraðili eið að því á lögmæltu varnarþingi sínu innan 2 mánaða frá birtingu dóms þessa, að hún hafi á tímabilinu frá 4. nóvember 1969 til 1. febrúar 1970, að báðum dögum meðtöldum, haft holdlegar sam-
farir við varnaraðilja M auk B, en eigi aðra karlmenn, skal varn-
araðili M teljast faðir sveinbarns þess, er sóknaraðili ól hinn 18. september 1970 og skírt var A, enda greiði hann þá meðlag með því frá fæðingu þess til fullnaðs 17 ára aldurs, fæðingarstyrk til sóknaraðilja og tryggingariðgjald hennar fyrir árið 1970, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði.

Úr ríkissjóði hafa þegar verið greiddar kr. 6.920.00 vegna máls þessa á hendur varnaraðilja M. Enn fremur verður greidd úr rík-
issjóði málflutningsþóknun til talsmanns sóknaraðilja, Inga Ingi-
mundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 18.000.00. Ber samkvæmt því að dæma varnaraðilja M til að greiða kr. 24.920.00 í máls-
kostnað, er renni til ríkissjóðs.

Verði sóknaraðilja eiðfall, á varnaraðili að vera sýkn af kröf-
um hennar, en málskostnaður skal falla niður.

Dómsorð:

Varnaraðili N á að vera sýkn í máli þessu og falli máls-
kostnaður niður, að því er hann varðar.

Vinni sóknaraðili, K, eið að því á lögmæltu varnarþingi

sínu innan 2 mánaða frá birtingu dóms þessa, að hún hafi á tímabilinu frá 4. nóvember 1969 — 1. febrúar 1970, að báðum dögum meðtöldum, haft holdlegar samfarir við varnaraðilja M auk B, en eigi aðra karlmenn, skal varnaraðili M teljast faðir sveinbarns þess, er sóknaraðili ól hinn 18. september 1970 og skírt var A, enda greiði hann þá meðlag með barninu frá fæðingu þess til fullnaðs 17 ára aldurs, fæðingarstyrk til sóknaraðilja og tryggingariðgjald hennar fyrir árið 1970, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði.

Vinni sóknaraðili eiðinn, skal varnaraðili greiða kr. 24.920.00 í málskostnað, er renni til ríkissjóðs, og er þar innifalin þóknun talsmanns hennar, Inga Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 18.000.00.

Verði sóknaraðilja eiðfall, á varnaraðili að vera sýkn af kröfum hennar, en málskostnaður skal niður falla.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 12. desember 1974.

Nr. 160/1974: **Unnur Úlfarsdóttir**

(Benedikt Blöndal hrl.)

gegn

Svavari Jóhannssyni og

Hrefnu Pétursdóttur

(Kristján Eiríksson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Ármann Snævarr og Björn Sveinbjörnsson.

Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. nóvember 1973. Við munnlegan flutning málsins